



# SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Pórunnartúni 6, 105 REYKJAVÍK - SÍMI 551 8150 - FAX 562 7131  
NETFANG skog@skog.is - VEFFANG skog.is

## Stjórnarfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn í Pórunnartúni 6, Rvk. 9. nóv. 2020 kl. 17:00.

(Fundur nr. 3. frá Reykjavík)

Mætt: Jónatan Garðarsson, Berglind Ásgeirsdóttir, Páll Inghór Kristinsson, Jens B. Baldursson, Þuríður Yngvadóttir, Nanna Sjöfn Pétursdóttir, Björn Traustason, Valgerður Auðunsdóttir, Brynjólfur Jónsson og Aðalsteinn Sigurgeirsson (sem tók fundargerð).

### Dagskrá fundar

#### **1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar**

Samþykkt með lítilsháttar leiðréttingum á stafsetningu.

#### **2. Fjárhagsáætlun 2021**

Staðan lítur vel út; allt bendir til að 2,2 m kr. rekstrarafgangur verði við áramót. Áætlunin byggist á rauntölum og reynslutölum um tekjustreymi, t.d. frá jólatrjáasölu.

Rætt var um möguleikana á að efla jólatrjáasöluna í ár með ýmsum nýjungum.

#### **3. Landsáætlun í skógrækt – kynning**

Jónatan sagði frá viðtölum vegna funda skógræktarstjóra með hagaðilum vegna landsáætlunar í skógrækt. Hann kynnti drög að svörum SÍ við 13 spurningum og bað stjórnarmenn um að kynna sér þau, koma með athugasemdir og færa til betri vegar, þyki þess þörf.

#### **4. Stofnanasamningur FÍN og SÍ kynning**

Jónatan kynnti drög að nýjum stofnanasamningi milli Félags íslenskra náttúrufræðinga og Skógræktarfélags Íslands. Bað hann stjórnarmenn um að koma með athugasemdir innan viku.

## **5. Landgræðslusjóður – Langibotn og Brynjudalur**

Engin viðbrögð hafa enn borist frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu vegna tilboðs í kaup á Langabotni. Útbúið var tilboð - í samráði við fasteignasala (Snorra Snorrason) – um verð á húsinu – með 0,5 ha leigulóð – að Ingunnarstöðum í Brynjudal. Landgræðslusjóður á  $\frac{3}{4}$  eignarhlut í íbúðarhúsinu og hlut í útihúsum. Miðað við núverandi stöðu á sjóðum Landgræðslusjóðs er allt sem bendir til að eitthvað verði til úthlutunar á komandi ári.

## **6. Rafræn félagsskírteini - undirbúningur.**

Hugmynd komin frá framkvæmdastjóra Skógræktarfélags Reykjavíkur er að gefa út rafrænt félagsskírteini og spara með því töluverðan kostnað. Litið er svo á að þetta sé framkvæmdin sem stefna beri að á næsta ári. Þessum breytingum var vel tekið af hálfu stjórnar SÍ.

## **7. Jólatrjáasala, (auglýsa ísl. jólatré með þegnrétt).**

Verið er að selja allt annað en bara jólatré með sölu á íslenskum jólatrjám úti í skógi; verið er að selja upplifun og útiveru. Þetta er viðskiptatækifæri sem þarf að auglýsa betur. Nú er sóknarfæri. Settar verða inn upplýsingar á vef SÍ og sendar út fréttatilkynningar um hvenær sala verður opin hjá hinum ýmsu skógræktarfélögum.

## **8. Önnur mál m.a.**

Starfshópur allra ráðuneyta stjórnarráðsins um girðingar – bréf frá Sigríði Júlíu Brynleifsd. hjá Skógræktinni. Jónatan kynnti efni bréfsins. Sennilega er tilgangurinn sá að ná betur utan um „ytri“ kostnað vegna lausagöngu búfjár á landinu. Þau félög sem eru með girðingar þyrftu að leggja fram upplýsingar um hvað lagt hefur verið í girðingar og viðhald þeirra á árinu.

Bréf frá Birni H. Barkarsyni um endurheimt skóga (Bonn-áskorunina). Fyrsti fundur verður n.k. fimmtudag, með þátttöku formanns og þriggja stjórnarmanna.

Rætt var um hvernig væri hægt að halda upp á 30-ára afmæli Landgræðsluskóga. Björn Traustason lagði til að fundnar yrðu upplýsingar úr skógarúttektinni, þ.s. skógar skógræktarfélaga ætti að vera um fimmtungur af heildarflatarmáli ræktaðra skóga undanfarinna 30 ár.